

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis

Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, mál 547

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir viðbótarumsögn ríkisskattstjóra um framangreint frumvarp með hliðsjón af breytingatillögum við frumvarpið, sem kynntar voru á fundi nefndarinnar fyrr í dag.

Meginbreyting tillagnanna hvað varðar lífeyrissmál er að hverfa frá þeirri tillögu upphaflega frumvarpsins að setja almennt hámark á frádráttarbær framlög til lífeyrissparnaðar en hækka í stað þess heimild launþega og sjálfstætt starfandi til að draga greidd iðgjöld frá tekjum sínum. Jafnframt verði kveðið á um að iðgjöld til öflunar lífeyrisréttinda skv. lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða séu frádráttarbær sem rekstrarkostnaður.

Ríkisskattstjóri telur breytingar þessar ekki til bóta og að þær feli í reynd í sér fráhræf frá því markmiði frumvarpsins að setja heildstæð lagaákvæði um heimildir til að draga iðgjöld frá skattskyldum tekjum, eyða lagaóvissu í því efni og leggja grunn að samræmdri framkvæmd.

Hafa þarf í huga að iðgjöld launagreiðenda til öflunar lífeyrisréttinda fyrir starfsmann er endurgjald fyrir vinnu sem eru jafnframt skattskyldar tekjur hjá launamanninum ef ekki koma til sérstök ákvæði sem undanþiggja þær tekjur skatti. Þær heimildir sem verið hafa til undanþágu iðgjalda frá skattlagningu eru takmarkaðar og ná að mati ríkisskattstjóra ekki til að undanþiggja framlög launagreiðenda í séreingnasparnað umfram skyldutryggingu nema að því leyti sem þau framlög eru talin launþegum til tekna og frádráttur vegna þeirra rúmast innan frádráttarheimilda einstaklinga.

Sú tillaga um breytingar, sem kynnt var í dag, leysir engan vanda í þessu efni. Hún kveður á um heimild til frádráttar á iðgjaldinu frá skattskyldum tekjum rekstraraðila. Sem endurgjald fyrir vinnu er iðgjaldið hluti af frádráttarbærum rekstrarkostnaði og er ekkert álitamál uppi um frádráttarbærni endurgjalds fyrir vinnu. Grein 6 í frumvarpinu fyrir og eftir breytingartillöguna er því merkingarlaus og óþörf. Álitamálið er ekki þessi frádráttarheimild heldur það hvort iðgjöld þessi eigi að vera skattskyldar tekjur hjá launþeganum. Grein 6. í frumvarpinu, breytt eða óbreytt leysir í engu þar úr.

Upphaflega frumvarpið leysti vel úr þeim vanda sem við er að eiga í máli þessu. Sú aðferðafræði þess að beita almennum reglum skattalaganna og meðhöndla framlög í lífeyrissjóði skattalega eins og hvert annað endurgjald fyrir vinnu virðist mæta andstöðu sem ekki hefur verið studd efnislegum rökum. Til þess að mæta þeim sjónarmiðum en án þess þó að fara á mis við megintilgang frumvarpsins að þessu leyti væri hægt að fara þá

leið að undanskilja iðgjöld launagreiðenda með beinum hætti frá því að teljast skattskyldar tekjur launþega. Slíkt væri eðlilegast að gera í sérstakri lagagrein sem gæti orðið grein 7. A. og er hér gerð tillaga um orðalag á slíkri grein:

7. gr. A

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal ekki telja til skattskyldra tekna hjá launþega eða manni sem vinnur við eigin atvinnurekstur það endurgjald fyrir vinnu, sem fólgið er í iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda skv. l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, þó eigi hærra en 12% af iðgjaldsstofni skv. þeim lögum, nema um hærra iðgjald hafi verið samið í kjarasamningum eða sé bundið í lögum.

Að gerði þessari breytingu getur breytingartillaga 29.4 við 4. gr. staðið en minnt er á tillögu í fyrri umsögn ríkisskattstjóra um sameiningu 5. og 6. tölul. 1. mgr. A-lið 30. gr. en 6. gr. frumvarpsins falli niður.

Um breytingartillögur varðandi valréttarkaup á hlutabréfum skal minnt á fyrri umsögn ríkisskattstjóra um þarfleysi 8. gr. A og lélegan lagatæknilegan frágang á þessari frumvarpsgrein. Breyting sú sem nú lögð er til á 3. másl. er mjög varasöm. Með henni er notkun gangsverðs, sem er hin almenna regla skattalaganna í hliðstæðum tilvikum, takmörkuð við markaðsverð í kauphöll eða verð á skipulegum tilboðsmarkaði. Gengur þetta þvert á gildandi rétt og það sem sagt er í greinargerð að verið sé að ítreka gildandi skattfrankvæmd. Með þessari breytingu og þeirri breytingu sem felst í frumvarpinu um að miða gangverð í öðrum tilvikum við bókfært verð er verið að opna stórfellda möguleika til að koma tekjum undan skatti og hefur ekkert með yfirlýstan tilgang þessarar lagabreytingar að gera. Varar ríkisskattstjóri alvarlega við því að gerðar séu á lögnum svo varhugaverðar og hættulegar breytingar að öðru leyti algjörlega að þarflausar.

Ríkisskattstjóri vill vekja athygli háttvirtrar nefndar á því að frumvarp þetta er undirbúið á afar skömmum tíma sem m.a kemur fram í ófullnægjandi laglegum frágangi, skorti á upplýsingum og rökstuðningi. Þá hefur þeim sem fengu frumvarpið til umsagnar gefist mjög takmarkaður tími til að fara yfir það og taka afstöðu til einstakra efnisatriða í því. Frumvarpið fjallar um mikilsverð mál en í því eru jafnframt veruleg álitamál sem snerta grundvallaratriði í skattlaginu, jafnræði og fjármál ríkisins. Ljóst er að hæstvirt Efnahags- og viðskiptanefnd hefur einungis stuttan tíma til að fara yfir málið og taka afstöðu til efnis þess og þeirra athugasemda sem fram hafa komið.


Ekkert af efni frumvarpsins er brýnt í þeim skilningi að æskilegt sé að frumvarpið fái afgreiðslu á þessu þingi að frátöldum einu atriði varðandi lífeyrismálahluta frumvarpsins og hægt væri að leysa með bráðabirgðaákvæði. Í ljósi alls þessa ætti að koma sterklega til álita að fresta ákvörðun um málið til haustsins og nýta þann tíma sem þannig gefst til gaumgæfilegri athugunar á málinu en unnt hefur verið að koma við á þeim stutta tíma sem til þess hefur gefist.

Að lokum vill ríkisskattstjóri enn vekja athygli nefndarinnar á athugasemdum sínum við 11. gr. frumvarpsins. Vegna tímaskorts nefndarinnar hefur ekki verið fjallað um það á fundi ríkisskattstjóra með henni. Eins og fram kemur í umsögn ríkisskattstjóra og því bréfi til fjármálaráðherra, sem henni fylgdi, er hér um afar sérstakt mál að ræða þar sem frumvarpið gengur þvert gegn allri eðlilegri stjórnsýslu og málsmeðferð í skattamálum.

Ríkisskattstjóri átti ekki kost á að tjá sig um mál þetta áður en frumvarpið var lagt fram og þessum fyrirhuguðu breytingum var haldið til hlés að því leyti sem ríkisskattstjóri og starfsmenn hans komu að vinnu að frumvarpinu. Með bréfi til fjármálaráðuneytisins dags. 13. apríl s.l. gerði ríkisskattstjóri ítarlega grein fyrir afstöðu sinni og rökum í máli þessu m.a því að engin haldbær rök eru færð fyrir málinu í frumvarpinu. Engin svör eða frekari rökstuðningur hefur þó komið frá ráðuneytinu.

Mál þau sem um er fjallað í 11. gr. frumvarpsins, þ.e. túlkun og framkvæmd tvísköttunarmála og gerð bindandi álita um þá þætti, hafa verið í höndum ríkisskattstjóra. Ekki hefur verið af hálfu fjármálaráðuneytisins gerð athugasemd við efnislegar niðurstöður ríkisskattstjóra í þessum málum enda heyra álitamál á þessum vettvangi undir yfirskattanefnd og dómstóla en ekki ráðuneytið. Ekki verður af hálfu ríkisskattstjóra lítið á 11. gr. frumvarpsins nema sem vantraust og hún feli í sér að ráðuneytið telji embættið ekki hafa sinnt málum þessum sem skyldi. Ríkisskattstjóri unír því illa að vera þannig borinn þungum sökum án þess að það sé rökstutt með einum eða öðrum hætti og án þess að hann eigi þess kost að verja mál sitt. Enn erfiðara yrði að una því að hæstvirt Efnahags- og viðskiptanefnd taki undir þessar ásakanir með því að afgreiða tillögu fjármálaráðuneytisins án þess að kalla eftir haldbærum rökum fyrir henni og kanna hvað liggur að baki henni.

Virðingarfyllst,



Indriði H. Þorláksson